

## Skýrsla stjórnar 16. maí 2006 til 21. maí 2007

Almennt séð var starfsárið eitt það annasamasta í sögu félagsins. Ber þar hæst undirbúning fyrir Norrænan samstarfsfund (Nordisk biblioteksforeningsmøte), undirbúning fyrir 15. fulltrúaráðsfund (Council Meeting) EBLIDA og útgáfu stefnu félagsins um upplýsingamál: *Upplýsingar fyrir alla. Þekkingarsamfélagið 2007-2011. Stefna Upplýsingar – Félags bókasafns- og upplýsingafræða* sem út kom nú í vor (Fregnir 1/2007, bls. 6). Spurningar voru sendar til stjórnmalaflokkanna ásamt stefnunni. Þau svör sem bárust birtist í *Fregnum* 1/2007, s. 7-8. Fyrirhugað er að senda stefnuna sveitarstjórnnum, fjölmiðlum og alþingismönnum þegar þing kemur saman, ennfremur félagsmönnum með júníhefti Fregna. Á starfsárinu gerðist Upplýsing félagi í LIBER, samtökum evrópskra háskóla- og sérfræðisafna, frá og með árinu 2007. Fulltrúar Upplýsingar voru tilnefndir í stjórnarnefnd Landssamnings, stjórnir Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns, Blindrabókasafns Íslands og ráðgjafarnefnd um almenningbókasöfn.

**Stjórn félagsins** frá 7. aðalfundi 16. maí 2006 skiptist þannig: Þórdís T. Þórarinsdóttir formaður, Hulda Björk Þorkelsdóttir varaformaður, Óskar Guðjónsson ritari, Anna Elín Bjarkadóttir og Þóra Jónsdóttir gjaldkerar. Á fyrsta fundi var handbók stjórnar afhent. Vala Nönn Gautsdóttir var vefstjóri starfsársins og formaður ráðstefnuritari. Stjórnarmenn sáu um skrifstofu félagsins til skiptis tvo tíma einu sinni í viku. Greidd er þóknun fyrir skrifstofuvaktina og ýmis sérverkefni. Auk þess var á árinu 2003 hafið að greiða formanni mánaðarlega þóknun fyrir störf í þágu félagsins en ekki er útlit fyrir að fjárhagslegt svigrúm gefist á næstunni til að ráða starfsmann. **Skrifstofa félagsins** hefur verið opin í tveir klst. á viku á fimmtudögum kl. 16-18 frá okt. til nóv. og 15. jan. til 15. maí en spurning er hvort ekki verði breyting á því fyrirkomulagi á næsta starfsári. Keypt var ný **tölva** fyrir félagið nú ár og fest kaup á **vefumsjónarkerfi** sem býður upp á ýmsa nýja möguleika, svo sem innri og ytri vef. (Fregnir 1/2007, s. 20)

Alls voru haldnir 14 (20) **stjórnarfundir** á starfsárinu þar sem stjórn fundaði ýmist ein eða með öðrum. Hér verður sagt almennt frá helstu verkefnum sem stjórnin hefur unnið að. Stjórnin dreifir reglulega á vef félagsins, með póstlistanum *bokin* og/eða í *Fregnum* fréttum af framvindu þeirra verkefna sem unnið er að. Auk neðanritaðs var unnið áfram almennt að uppbyggingu og skipulagningu félagsins, svo sem gerð erindisbréfa, og svarað ýmsum fyrirsprungum og erindum, t.d. óskum um upplýsingar, sem bárust en þeim fer fjölgandi, t.d. fyrir *IFLA/FAIFE World Report 2007*. Stefnt er að kynningarnefnd bókasafna í samvinnu við SFA.

**Húsnæðismál.** Vorið 2005 gekk stjórnin til samstarfs við Stóreygn ehf. og Gnóg ehf. um kaup á hlut BHM í 2. hæð Lág múla 7 (um 71 m<sup>2</sup> alls) þannig að húsnæðiseign félagsins nær tvöfaldaðist og fékk félagið aðgang að geymslu. 28. apríl 2006 var húsnæðið afhent. Nú er búið að selja húsnæðið svo húsnæðismálin eru aftur í uppnámi. Stjórninni var ekki stætt á öðru en selja þar sem það var vilji sameigenda. Unnt er að leigja hjá nýjum eigendum til og með september sem gefur nokkuð svigrúm til lausnar húsnæðismálanna.

Sótt er árlega um **styrki** til ráðstefnu- og fundafærða og ýmissa sérverkefna. **Menntamálaráðneytið veitir félaginu árlega styrki** til norræns og alþjóðlegs samstarfs. **Norræna ráðherranefndin** hefur árlega veitt styrki vegna þátttöku í norrænu samstarfi. Félagið á ennfremur sérstaka Hauka í horni þar sem eru **Þjónustumiðstöð bókasafna, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Borgarbókasafn Reykjavíkur** auk þess sem **mörg önnur söfn hafa á ýmsan hátt sýnt félaginu velvild** og þannig eflt það.

Upplýsing á **aðild að eftirfarandi félagasamtökum**: IBBY, EBLIDA, IASL, NORD I&D, IFLA, LIBER og NFBN (áður NVBF).

Á starfsárinu fundaði stjórnin m.a. með landsfundarnefnd og ýmsum fulltrúum félagsins í stjórnnum og nefndum. Einnig sótti formaður fund í menntamálaráðuneytinu þar sem norrænt samstarf var kynnt og ritari sótti fund Samráðshóps um framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið sem haldinn var í forsætisráðuneytinu.

Á starfsárinu sóttu alls 24 (32) um **aðild að félaginu**, 18 (18) einstaklingar, 6 (13) nepar og 0 (1) stofnun. Þeir hafa fengið kynningarbréf og lög félagsins send. Einnig var ákveðið að senda nýjum félagsmönnum siðareglur félagsins. Alls bárust stjórn 4 (5) úrsagnir, 4 (5) einstaklingar, engin frá nema eða stofnun. Í lok starfsársins höfðu alls 444 (457) **greitt félagsgjald fyrir árið 2006**, 348 (357) einstaklingar, 27 (28) nepar og 69 (72) stofnanir. Ógreidd gjöld fyrir 2006 (miðað við 18. maí) eru alls 69 (40), 60 (39) einstaklingar, 5 (0) nepar og 4 (1) stofnanir. Fyrir 2007 hafa nú þegar 427 (398) greitt félagsgjöld.

Samkvæmt lögum félagsins er stjórninni heimilt að **taka af félagskrá þá sem ekki hafa greitt árgjöld tvö ár í röð**. Um síðustu áramót voru 29 (22) teknir af skrá, 29 (22) með einstaklingsaðild, 0 (0) nepar og 0 (0) stofnanir. Í byrjun mars voru greiðsluseðlar fyrir árgjaldið 2007 sendir út með eindaga 15. apríl. Stjórnin hefur mótað þær starfsreglur að hafi félagsmaður ekki greitt 2007 árgjaldið fyrir eindaga fær hann ekki *Fregnir* og *Bókasafnið* send fyrir en skil hafa verið gerð svo virkir félagar hafi sem minnstan kostnað af þeim sem ekki greiða árgjöld. **Félagsskirteini voru send með marsblaði Fregna** (25. apríl) til fullgildra félagsmanna.

**Stjórn Upplýsingar hefur mótað stefnu um að félagsmenn njóti betri kjara**, allt að 25% afsláttar, en utanfélagsmenn á námskeiðum og viðburðum sem staðið er fyrir innan vébanda félagsins og stjórn og/eða félagsmenn eiga þátt í að skipuleggja. Gildir þetta m.a. um fræðslufundi, endurmenntunarnámskeið og Landsfund bókavarda. Félagsmenn njóta 20% afsláttar í verslunum Pennans.

**Stefnumótunarnefnd** var stofnuð að tillögu landsbókavarda og hélt hún sinn fyrsta fund þann 8. mars 2006 og lauk störfum hennar með útgáfu stefnu félagsins sem dreift er nú á aðalfundinum 2007. (Fregnir 1/2007, s. 6)

Formaður átti sæti í **Nefnd um bókasafnslög** sem lauk störfum í október 2006 og skilaði tillögum að drögum að heildarlögum fyrir bókasöfn til menntamálaráðuneytisins. (Fregnir 3/2006, s. 8)

### Útgáfustarfsemi - viðurkenningar – kynningarstarf

Í apríl/maí ár hvert er tímaritið *Bókasafnið* gefið út en það er **fastímarit á sviði bókasafns- og upplýsingafræða**. Sérstök ritnefnd hefur veg og vanda af útgáfu blaðsins. Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri blaðsins [www.bokasafnid.is](http://www.bokasafnid.is).

Stjórn félagsins gaf út **þrjú tölublað Fregna - Fréttabréfs Upplýsingar** á starfsárinu (júní, nóvember og mars). Árið 2006 var blaðið samtals 146 (156) síður. Í fréttabréfinu eru birtar frásagnir og skýrslur um starfsemi ýmissa fulltrúa og nefnda á vegum Upplýsingar, fréttir og greinar um það sem er á döfinni í bókasafnaheiminum á Íslandi og erlendis, auk frásagna af forvitnilegum ráðstefnum sem félagsmenn hafa sótt. Ánægjulegt er hve vel söfn hafa tekið því að gerast **forsíðusafn Fregna** en í hverju tölublaði er einu safni gefinn kostur á að kynna sig með forsíðumynd og grein gegn styrktargreiðslu sem nemur viðbótarkostnaði vegna litprentunar kápu. Einnig er uppörvandi hve ötulir félagsmenn eru við að skrifa áhugaverðar greinar í bæði blöðin og kann stjórn þeim bestu þakkir fyrir.

Á aðalfundi nú eru **viðurkenningar fyrir bestu íslensku fræðibækur** ársins (2006) veittar í 15. sinn.

**Orðanefnd félagsins** var stofnuð á starfsárinu undir forystu dr. Sigrúnar Klöru Hannesdóttur.

Stjórn barst boð frá Statens kulturråd um **tilnefningu til verðlauna úr minningarsjóði Astrid Lindgren**. Guðrún Helgadóttir var tilnefnd af félaginu í fjórða skipti. Þorbjörg Karlsdóttir undirbjó tilnefninguna.

Á vef félagsins eru hýstir tveir námsvefir: *Kennsluvefur um upplýsingalæsi* [www.upplysing.is/upplysingalæsi](http://www.upplysing.is/upplysingalæsi) og *Netheimildir* [www.upplysing.is/netheimildir](http://www.upplysing.is/netheimildir). Á starfsárinu vann stjórn Upplýsingar áfram að **kynningu á félaginu**. **Bloggsíða** félagsins, sem stofnuð var um miðjan desember 2005, [www.blog.central.is/upplysing](http://www.blog.central.is/upplysing), hefur lítið sem ekkert verið notuð. Upplýsing er styrktaraðili Vefbókasafnsins: [www.vefbokasafn.is](http://www.vefbokasafn.is).

## Ráðstefnur - fræðslufundir

Fulltrúi Upplýsingar (Þórhildur S. Sigurðardóttir) sótti þann 4. júlí 2006 **fund LIBER** sem haldinn var í Uppsölum 4. júlí 2006 þar sem fjallað var um framtíð og stefnu félagsins. (Fregnir 3/2006, bls. 14-15). Ákveðið var að opna samtökin fyrir félögum bókararða og sótti Upplýsing um aðild og var þar m.a. litið til þess að NVBF, samtök norrænna rannsóknarbókararða hafa verið lögð niður og vonast er til að nýr og gagnlegur vettvangur um samstarf skapist á sviði félaga rannsóknarbókararða. (Fregnir 3/2006, s. 15)

Formaður Upplýsingar sótti **72. árlegt þing IFLA** í Seoul í Kóreu 20.-24. ágúst 2006 (Fregnir 3/2004, s. 16-19). Upplýsing á einn fulltrúa í fastanefndum IFLA: Þórdís T. Þórarinsdóttir er í *Classification and Indexing Section* og tilnefnt var í aðra nefnd í ár.

Fulltrúi Upplýsingar (Áslaug Óttarsdóttir) sótti **Norræna málstofu um siðareglur starfsfólks bókasafna**, *Seminarium om yrkes-etik*, sem haldin var í Stokkhólmi mánudaginn 11. september 2006. (Fregnir 3/2007, bls. 11-13)

Eins og áður getur var samráðsfundur formanna og framkvæmdastjóra norrænna bókararðafélaga, **Nordisk bibliotekforeningsmóte**, haldinn hér á landi 5. og 7. október 2006. Þar var m.a. fjallað um samstarfsverkefni norrænu félaganna, málefni EBLIDA og þátttöku í alþjóðlegu starfi innan IFLA. (Fregnir 3/2006, bls. 21-22) Erlendu gestirnir luku miklu lofsorði á skipulagningu fundarins.

**Jólagleði Upplýsingar** 2006 var haldin í Menntasmiðju Kennaraháskóla Íslands föstudaginn 24. nóvember 2006. Jólagleðin var að vanda ókeypis fyrir fullgilda félagsmenn Upplýsingar, veitingar og skemmtiatriði voru í boði safnsins. (Fregnir 1/2007, s. 28)

Árleg **Gerðubergsráðstefna um barnamenningu** var haldin laugardaginn 18. mars 2007. Yfirskriftin var *Humor og hugrekki*. Fulltrúi Upplýsingar í undirbúningsnefnd er Inga Kristjánsdóttir. (Fregnir 1/2007, s. 22)

**Fjórði Landsfundur Upplýsingar** var haldinn á Selfossi dagana 6.-7. október 2006 og er 18. Landsfundur bókararða frá upphafi. Landsfundur er ráðstefna sem haldin er annað hvert ár og er jafnan mjög fjölsótt. Bókasöfn á Suðurlandi höfðu veg og vanda af fundinum sem var sá þriðji fjölmennasti frá upphafi með 205 þátttakendur. Yfirskrift fundarins var *Fjölbreytni í fyrirrumi* og var efni hans í takt við yfirskriftina. (Fregnir 2/2006, innan á kápu og 3/2006, s. 30-38) Á Landsfundu gafst fundarmönnum kostur á að kaupa bókina *Á LEIÐ TIL UPPLÝSINGAR* og bæklinginn *Upplýsingatækni – eitthvað fyrir mig?* á tilboðsverði. Söfn í Hafnarfirði hafa veg og vanda af næsta landsfundu sem haldinn verður í Hafnarfirði haustið 2008. Anna Sigríður Einarsdóttir er formaður landsfundarnefndar.

Upplýsing átti aðild að alþjóðlegri skráningarráðstefnu, **Cataloguing 2007** með yfirskriftinni **Back to the Basics – and Flying into the Future**, sem haldin var á Grand Hôtel dagana 1.-2. febrúar 2007. Fulltrúi Upplýsingar í Undirbúningsnefnd var Óskar Guðjónsson ritari stórnar. Ráðstefnan var fjölsótt og þótti takast vel í alla staði. (Fregnir 3/2006, s. 13-14 og 1/2007, s. 34-35)

Í tilefni af **50 ára afmæli kennslu í bókasafns- og upplýsingafræði** var 23. mars sl. haldin ráðstefna í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns undir yfirskriftinni: **Frumkvæði og fagmennska**. Um kvöldið var svo hátíðakvöldverður. Upplýsing styrkti ráðstefnuna og fulltrúi félagsins í undirbúningsnefnd var Guðrún Pálsdóttir. Í tilefni af afmælinu útnefndi stjórn Upplýsingar tvo heiðursfélaga: dr. Sigrúnu Klöru Hannesdóttur fyrir frumkvöðlastarf á í þágu bókasafns- og upplýsingamála og Svanlaugu Baldursdóttur fyrir að vera vorið 1964 fyrst til að ljúka BA-prófi í bókasafnsfræði. (Fregnir 1/2007, s. 18-22) Upplýsing styrkti **Norræna sumarskólann um upplýsingalæsi** sem haldinn verður í Reykholti í sumar og var aðili að **8. mars dagskránni**. (Fregnir 1/2007, s. 23-24)

Starf **Norræns neti um barnabókasöfn og -menningu** lá að mestu niðri á starfsárinu og hætt var við ráðstefnu sem halda átti á Álandseyjum í september 2006 og óvíst er um áframhaldandi starf.

**Fræðslu- og skemmtinefnd stóð fyrir tveimur morgunverðarfundum á starfsárinu**: Á Grand Hôtel þann 16. nóvember 2006 var sagt frá fræðslu- og kynnisferð sjö bókasafnsfræðinga til Berlínar og þann 22. febrúar 2007 var haldinn fræðslufundur um mannauðsstjórnun í Kennaraháskóla Íslands. (Fregnir 1/2007, s. 35-36)

**Samstarfshópur um höfundarréttarmál** stóð fyrir málþingi um höfundarréttarmál þann 17. apríl síðastliðinn í samvinnu við stjórn félagsins. Kynntar voru nýlegar breytingar á lögum og líkleg áhrif þeirra á starfsemi bókasafna. Sjá frásögn í næstu Fregnum.

**15. ársþing fulltrúaráðs EBLIDA** var haldið í Reykjavík dagana 11.-12. maí síðastliðinn. Daginn áður fundaði framkvæmdanefnd félagsins. Formaður Upplýsingar sá um undirbúning þingsins hér á landi. Árið var kosningarár EBLIDA og var nýr formaður kosinn. Fyrri daginn héldu Pétur Gunnarsson og dr. Sigrún Klara Hannesdóttir fyrirlestra auk þess sem formaður Upplýsingar og landsbókararðar ávörpuðu þingið. Á fundinum var fjallað um ýmis innri málefni EBLIDA og þátt þess í hagsmunagæslu fyrir bókasafnasamfélag Evrópu. Erlendu gestirnir luku miklu lofsorði á íslensku fyrirlesarana, undirbúning og skipulagningu fundarins. Nánar verður fjallað um fundinn í næstu Fregnum.

**13. Nord I&D** ráðstefnan verður haldin í Stokkhólmi 17.-19. júní næstkomandi undir yfirskriftinni *The Human Side of IT*. Fulltrúi Upplýsingar í undirbúningsnefnd er Kristín Geirsdóttir.

## Menntunarmál - kynnisferðir

Upplýsing stendur fyrir **endurmenntunarnámskeiðum í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands**. Skuldlausir félagar fá 10% afslátt á námskeiðum á sviði bókasafns- og upplýsingafræði. Námskeið í boði á haustönn voru: Barnabókmenntir, Skráning gagna og Þekkingarstjórnun. Engin námskeið voru í boði á vormissiri því sérstaklega þétt dagsrá viðburða var um bókasafns- og upplýsingamál, bæði fræðslufundur og málþing á vegum félagsins og fjölmargir viðburðir í tengslum við 50 ára afmæli kennslu í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands.

Upplýsing fékk styrk frá að upphæð kr. 500.000 til **endurskoðunar námsefnis í bókasafnstækni** af styrktarfé til námsefnisgerðar fyrir framhaldsskóla 2007. Sótt var um styrk að upphæð kr. 1.200.000. (Fregnir 1/2007, bls. 37). Stjórn hefur falið þeim Huldu Björk Þorkelsdóttur og Þórdísi T. Þórarinsdóttur að hafa umsjón með endurskoðuninni en þær eru báðar í **Sérfræðihóp í bókasafnstækni**. sem hefur m.a. það hlutverk að leggja mat á starfsreynslu þeirra sem hafa lokið bóklegum áföngum í bókasafnstækni.

Upplýsing hefur **áheyrnarfulltrúa hjá Starfsgreinaráði upplýsinga- og fjölmiðlagreina**. Þórdís T. Þórarinsdóttir er aðalfulltrúi og Hulda Björk Þorkelsdóttir varafulltrúi.

Úr **Ferðasjóði Upplýsingar** er í ár úthlutað 18 (12) styrkjum, að upphæð kr. 20.000. Alls sóttu 38 (16) um styrk fyrir árið 2007. Stjórnin hefur sett þá verklagsreglu að styrkþegar greini frá verkefnum sínum í *Fregnum*.

## Störf faghópa og fulltrúa

Innan vébanda Upplýsingar fer fram **öflugt starf í ýmsum nefndum og stjórnnum** sem fulltrúar félagsins taka þátt í og er það starf eðli málsins samkvæmt drjúgur hluti hins faglega starfs. Yfirlit um þá starfsemi verður flutt á aðalfundinum og **skýrslur um starfsemina ásamt skýrslu stjórnar verða birtar í næsta tölublaði Fregna**. Stjórn Upplýsingar flytur öllum þeim sem starfa fyrir félagið á einn eða annan hátt alúðarþakkar og ennfremur öllum þeim félagsmönnum sem halda merki Upplýsingar á lofti með störfum í þágu félagsheildarinnar. Að síðustu vill undirrituð þakka stjórnarmönnum fyrir samstarfið og vinnuframlag þeirra í þágu félagsins.

Unnið var að dreifingu verka í félaginu og fastafulltrúar fengnir til að taka að sér verkefni til fjögurra ára í senn.